

Ed.

324. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

1. Ný grein komi, er verði 1. gr., og hljóði svo:
Liðurinn „Reiðhjól með hjálparvél“ í 2. gr. laganna orðist svo:
Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.
2. Ný grein komi, er verði 2. gr., þannig:
Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 2. mgr. 8. gr. komi: létt bifhjól.
3. Ný grein komi, er verði 3. gr., þannig:
Í stað „reiðhjóls með hjálparvél“ í 1. mgr. 11. gr. komi: létt bifhjóls.
4. 1. gr. verði 4. gr., en ný grein, er verði 5. gr., hljóði svo:
Í stað „reiðhjóli með hjálparvél“ í 3. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjóli.
5. Ný grein, er verði 6. gr., hljóði svo:
Í stað „reiðhjóra með hjálparvél“ í 5. mgr. 28. gr. komi: léttra bifhjóra.
6. Ný grein, er verði 7. gr., hljóði svo:
Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 8. mgr. 60. gr. komi: létt bifhjól.
7. Ný grein, er verði 8. gr., hljóði svo:
Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 1. mgr. 70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40 12. maí 1965, komi: létt bifhjól.
8. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
Frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.